

1. tbl. 26. árg.

FLE

Félag löggiltra endurskoðenda



FJÖLBREYTNÍ Í ENDURSKOÐUN



EFNISYFIRLIT

Menntunin er undirstaðan	2
Menntunin nýtist vel á nýjum starfsvettvangi	5
Tækifæri til starfa á erlendri grund	6
Spjallað við fjóra unga endurskoðendur sem nýverið hlutu löggildingu	8
Er búinn að læra meira hér en ég hefði gert annars staðar	11
Lífið eftir vinnu	12
Skemmtilegt og hagnýtt starf	15
Síðhærðir við samlagningu	17

Menntunin er undirstaðan

Guðmundur Snorrason er formaður
Félags löggiltra endurskoðenda

„Starf endurskoðandans hefur breyst mikið á undanförunum árum. Viðskiptaumhverfið er nú mun flóknara en áður og því mikilvægara en nokkru sinni fyrr að endurskoðendur kappkosti að viðhalda kunnáttu sinni með sífelltri endurmenntun,“ segir Guðmundur Snorrason, formaður Félags löggiltra endurskoðenda. Félagið var stofnað árið 1935 og voru stofnfélagar átta. Síðan hefur félaginu vaxið verulega fiskur um hrygg og eru félagsmenn nú 279. Konum hefur fjölgað tiltölulega meira en körlum á undanförunum árum og eru þær nú 46, eða um 16% félagsmanna.

Hagnýtt nám

Guðmundur segir að miklar kröfur séu gerðar til nemenda í endurskoðunar námi. „Það þarf líka svo að vera því menntunin er undirstaðan. Skilyrði þess að geta þreytt löggildingarpróf til endurskoðunarstarfa er að hafa brautskráðst frá viðskiptadeild Háskóla Íslands með endurskoðun sem kjörsvið. Auk þess er skylt að hafa unnið að alhliða endurskoðunarstörfum undir stjórn endurskoðanda í samtals þrjú ár, þar af a.m.k. eitt ár að loknu brottfararprófi frá viðskiptadeild. Þessi próf eru að jafnaði haldin einu sinni ár hvert. Á síðastliðnum fimm árum hafa 60 einstaklingar fengið löggildinguna til endurskoðunar og hafa þeir allir gerst félagsmenn í FLE. Reynslan hefur sýnt að námið er afar hagnýtt og fólk með þessa menntun er eftirsótt víða í atvinnulífinu. Þróunin hefur verið sú að æ stærra hlutfall endurskoðenda sækir í að starfa við annað en endurskoðun. Nú er svo komið að tæplega 30% félagsmanna starfa utan endurskoðunarstofa.“

Breytt starfsumhverfi

Guðmundur segir að starfsumhverfi endurskoðenda hafi breyst afar mikið á undanförunum árum. „Tölvuvæðingin hefur haft gríðarleg áhrif á störf okkar. Þá hefur orðið mikil samþjöppun í greininni og æ fleiri endurskoðunarfyrtæki hafa tekið upp erlend tengsl. Áhersla á endurmenntun innan endurskoðunarfyrtækjanna hefur aukist og sérhæfing er meiri en áður þekktist. Þekking á reikningshaldi úti í fyrirtækjunum hefur vaxið mjög á síðustu árum og hefur það leitt til þess að þjónusta okkar snýr meira að öðrum þáttum. Vægi endurskoðunar í störfum okkar fer vaxandi. Skattskil hafa verið drjúgur þáttur í starfi margra endurskoðenda. Með rýmri skilafrestum til skattfyrivalda hefur vinnuálag á starfsmenn jafnast út og yfirvinna er ekki eins almenn og áður tíðkaðist. Æ fleiri átta sig á því að jafnvel þótt starfið sé áhugavert og skemmtilegt þá hefur lífið upp á margt annað spennandi að bjóða og samverustundir með fjölskyldunni skipta nú meira máli. Ég held að vinnutími endurskoðenda hafi á síðustu árum verið að færast til þess horfs sem almennt gerist hjá fyrirtækjum á öðrum sviðum. Að þessu leyti ætti endurskoðendastarfið að höfða til fleiri en áður!“

Styrkir til framhaldsnáms

„Einn megintilgangur FLE er að viðhalda og auka faglega þekkingu félagsmanna. Á síðasta aðalfundi var samþykkt að félagið skuli verja hluta af fjármunum sínum til að styrkja endurskoðendur til framhaldsnáms í end-



Guðmundur Snorrason.

urskoðun og reikningskilum, enda skuldbindi styrkþegar sig til að hafa kennslu í þessum greinum á háskólastigi að aðalstarfi. Með þessum hætti vill félagið leggja sitt af mörkum til að tryggja menntunargrundvöll endurskoðunarstéttarinnar. Vonandi verða einhverjir til að nýta sér þennan stuðning FLE,“ segir Guðmundur.

Á undanförunum árum hefur félagið haft samvinnu við Endurmenntunarsstofnun HÍ um margvísleg námskeið sem snerta starfssvið endurskoðenda. Að sögn Guðmundar hafa fjölmargir félagsmenn nýtt sér þessi námskeið. „Þá er það áhugamál núverandi stjórnar FLE að efna til sérstakra námskeiða fyrir þá sem hyggjast þreyta löggildingarpróf í endurskoðun. Tilraun var gerð með þetta fyrir nokkrum árum og sýndi það sig að mikill áhugi var þá fyrir hendi. Nú er vilji til að taka þráðinn upp aftur og þá hugsanlega þannig að framkvæmdin verði í höndum Endurmenntunarsstofnunar HÍ. Endurskoðunarfyrtækini eru vissulega að gera ýmislegt á þessu sviði fyrir sína nema. Við teljum þó að mörgu leyti æskilegra að félagið standi sjálft fyrir slíku.“

Einstakar endurmenntunarkröfur

„Reglugerð um endurmenntun endurskoðenda var sett á árinu 1998. Reglugerðin felur það í sér að allir þeir endurskoðendur sem halda vilja réttindum sínum þurfa að sýna fram á tiltekna lágmarksendurmenntun á hverju þriggja ára tímabili. FLE heldur skrá yfir einingafjölda hvers endurskoðanda. Þegar fyrsta þriggja ára tímabilið var gert upp kom í ljós að langflestir endurskoðendur höfðu uppfyllt ákvæði reglugerðarinnar. Mér sýnist að þessar endurmenntunarkröfur til stéttar okkar séu að ýmsu leyti einstakar og ég fæ ekki betur séð en að þarna séum við á undan sumum nágrannabjóðum okkar,“ segir Guðmundur Snorrason að lokum.

FLE-fréttir – 1. tbl., 26. árg., maí 2003 – Kynningarrit

Útgefandi: Félag löggiltra endurskoðenda • Ábyrgðarmaður: H. Ágúst Jóhannesson
Ritnefnd: H. Ágúst Jóhannesson, Sigurður M. Jónsson, Ómar H. Björnsson og Hólmgrímur Bjarnason
Umsjón og hönnun: PR [pje err] • Ljósmyndir: Bárna o.fl. • Auglýsingar: Markfell Markaðsmál • Prentun: Svansprent



Kaupmannahöfn

Stokkhólmur

Osló

Frankfurt

Amsterdam

París

London

Glasgow

Baltimore/Washington

Minneapolis

Boston

New York

Orlando

Þú vinnur tíma og sparar peninga

Sem stjórnandi og lykilmaður í íslensku fyrirtæki gerir þú kröfur til flugfélaga. Icelandair leggur metnað sinn í að uppfylla þessar kröfur:

Þú vilt geta flogið á samningafund í dag.

Þú vilt geta valið um áfangastaði.

Þú vilt eiga kost á að breyta ferðaáætlun fyrirvaralaust.

Þú vilt eiga kost á því að koma aftur heim samdægurs.

Þú vilt láta sjá um þig alla leið á áfangastað.

Þú vilt njóta þess að fá úrvalsmáltíð og fyrsta flokks þjónustu.

Þú vilt geta unnið á leiðinni.

Þú vilt vinnufrið í betri stofum á meðan þú bíður.


Þú vilt njóta ávinnings af því að safna vildarpunktum.

Þú vilt lækka ferðakostnað og nýta tímann til fullnustu.

Þess vegna reiknar þú dæmið til enda
og velur Icelandair Business Class.

Leitið upplýsinga á www.icelandair.is, á söluskrifstofum eða fjarsöludeild Icelandair í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 8-20, laugard. kl. 9-17 og sunnud. kl. 10-16).





H V A Ð A L Í K U R E R U
Á A Ð Þ Ú F Á I R

EKKI

G R E I T T F Y R I R „ S E L D A “
V I N N U , V Ö R U E Ð A Þ J Ó N U S T U ?

Upplýsingakerfi Lánstrausts hf. gera þér kleift að meta áhættu af viðskiptum

– ÁÐUR EN ÞAU EIGA SÉR STAÐ!

ÁVINNINGUR AF NOTKUN KERFA LÁNSTRAUSTS:

- ✓ HÁMARKS VIÐSKIPTAÖRYGGI
- ✓ LÁGMÖRKUN AFSKRIFTA VIÐSKIPTAKRAFNA
- ✓ BÆTTAR INNHEIMTUR
- ✓ AUKIÐ OG STÖÐUGRA FJÁRSTREYMI
- ✓ TÍMASPARNADUR

Taktu upplýsta ákvörðun í þínum viðskiptum

www.lt.is

L Á N S T R A U S T H F.
FORVARNIR Í FJÁRMÁLUM



Hjónin Hjörleifur Pálsson og Helena Hilmarsdóttir ásamt börnunum þremur: Bryndísi 10 ára, Aðalsteini 12 ára og Víkingi 9 mánaða.

Menntunin nýtist vel á nýjum starfsvettvangi

Hjörleifur Pálsson, fjármálastjóri Össurar, og Helena Hilmarsdóttir, forstöðumaður hjá Kauphöll Íslands, eru löggiltir endurskoðendur.

„Við kynntumst í Menntaskólanum að Laugarvatni 1979 og tókum seinna sömu stefnuna, á nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands,“ segja þau Helena Hilmarsdóttir, forstöðumaður hjá Kauphöll Íslands, og Hjörleifur Pálsson, fjármálastjóri Össurar, en bæði eru þau löggiltir endurskoðendur. „Við höfðum sameiginlegan áhuga á endurskoðun og útskrifuðumst frá HÍ af endurskoðunarsviði sumarið 1988. Við unnum bæði við endurskoðun í fjölda ára en ákváðum svo að söðla um og hasla okkur völl á nýjum starfsvettvangi. Námið í endurskoðun hefur nýst okkur báðum afar vel í nýjum störfum og er traustur grunnur sem gott er að byggja á.“

Langaði bæði að breyta til

Hjörleifur starfaði með háskólanum á endurskoðunarskrifstofunni Stoð og var langt kominn með endurskoðunarnámið þegar hann útskrifaðist frá HÍ. „Ég fékk löggildingu sem endurskoðandi vorið 1989,“ segir Hjörleifur. „Þá tókum við okkur til þrjár sem höfðum unnið á Stoð og útskrifast um svipað leyti og stofnuðum ásamt þremur eigendum Stoðar nýja stofu – Stoð endurskoðun hf. Við sameinuðum síðan fyrirtækið Deloitte & Touche 1999. Tveimur árum síðar, árið 2001, bauðst mér svo staða fjármálastjóra hjá Össuri. Það var spennandi tilhugsun að breyta til en jafnframt erfið ákvörðun. Mig langaði til að reyna mig í atvinnulífinu og fannst í raun ómögulegt að hafa aldrei prófað annað svið viðskiptafræðinnar, eftir að hafa unnið við endurskoðun í 18 ár. En ég var búinn að koma mér mjög vel fyrir hjá Deloitte & Touche og ég er ekkert viss um að ég hefði látið verða af því að skipta um starfsvettvang ef mér hefði ekki boðist starfið hjá Össuri. Atvinnutilboðið var því heppilegt og ég sé ekki eftir því að hafa stigið þetta skref.“

Helena hóf störf hjá Löggiltum endurskoðendum meðfram námi í viðskiptafræði við HÍ en stofan sameinaðist Deloitte & Touche fyrir þremur árum. „Ég fékk löggildingu sem endurskoðandi 1992 og vann á stofunni til 1997,“ segir Helena. „Þá réð ég mig til Íslandsbanka, þar sem ég vann í tæpt ár við innri endurskoðun, en ákváð svo að skipta um starfsvettvang og hóf störf hjá Kauphöll Íslands 1998. Þar er ég forstöðumaður skráningarviðs sem hefur það hlutverk að annast þjónustu við þau fyrirtæki sem skráð eru í Kauphöllinni. Ástæða þess að ég fór yfir á alveg nýtt svið var einfaldlega sú að mig langaði að breyta til. Ég hafði unnið við endurskoðun í 10 ár og fannst kominn tími til að prófa eitthvað nýtt.“

Eftirsóttir vinnukraftar

Helena og Hjörleifur segja að sem löggiltir endurskoðendur hafi þau lært að tileinka sér öguð vinnubrögð og starfsreynsla þeirra sé afar dýrmæt. Þau eru sammála um að menntun þeirra nýtist báðum mjög vel á nýjum starfsvettvangi. Námið í endurskoðun hafi því

reynst góður undirbúningur og bjóði upp á marga möguleika og engin tilviljun sé að löggiltir endurskoðendur séu eftirsóttir vinnukraftar. En skyldu þau sjá fyrir sér að þau eigi eftir að snúa sér aftur að endurskoðun, þegar fram líða stundir?

Þau segja yngri kynslóð löggiltra endurskoðenda frekar líta svo á að menntun þeirra bjóði upp á ýmsa möguleika í starfi og auðvelt sé að færa sig á milli ólíkra sviða atvinnulífsins en eldri kynslóð löggiltra endurskoðenda virðist síður færa sig um set. „Ég lít svo á að ég eigi efturkvæmt,“ segir Helena, „og það er aldrei að vita nema ég taki einhvern tímann seinna aftur upp fyrri störf sem endurskoðandi. Ég bý alltaf að því að hafa þessa menntun og finnst gott að vita af því að ég get skipt um vettvang.“ Hjörleifur kveðst ekki hafa leitt hugann að þessu. „Eitt af því sem ég hef lært hjá Össuri,“ segir hann „þar sem hraðinn er mikill og breytingarnar örar, er að skipuleggja ekki eins langt fram í tímann. Þannig velti ég því ekki mikið fyrir mér núna hvað ég verð að fást við eftir 5 til 10 ár.“

Endurskoðandinn – hagnýtur bæklingur

Endurskoðandinn nefnist bæklingur um hlutverk og ábyrgð endurskoðenda sem FLE hefur gefið út. Tilgangurinn með bæklingnum er að varpa ljósi á grundvallaratriði endurskoðunar og hlutverk endurskoðenda við gerð ársreiknings fyrirtækis. Í bæklingnum er leitast við að svara spurningum á borð við þessar: Hvað er endurskoðun? Hvaða faglegu kröfur eru gerðar til endurskoðenda? Hver ber ábyrgð á ársreikningi? Hvaða þýðingu hefur áritun endurskoðenda?

Bæklinginn **Endurskoðandinn** er hægt að nálgast á skrifstofu Félags löggiltra endurskoðenda, Suðurlandsbraut 6, sími 568 8118, netfang: fle@fle.is.

Handbækur til sölu

Á skrifstofu Félags löggiltra endurskoðenda að Suðurlandsbraut 6 er hægt að fá keyptar ýmsar erlendar handbækur um endurskoðun. Eftirfarandi bækur eru nýkomnar:

International Accounting Standards 2002 „The full text of all International Accounting Standards, SIC Interpretations and IAS 39 Implementation Guidance – Questions and Answers extant at 1 January 2002.“



Applying International Accounting Standards 3rd Edition „David Cairns with Brian Creighton and Anne Daniels of BDO Stoy Hayward. Foreword by Sir David Tweedie, Chairman of the IASB.“

Handbook of International Auditing, Assurance, and Ethics Pronouncements – 2003 Edition and encl. **Handbook of International Public Sector Accounting Standards – 2003 Edition.**



Heimir Þorsteinsson.

Tækifæri til starfa á erlendri grund

Heimir Þorsteinsson starfaði hjá Deloitte & Touche í Kaupmannahöfn.

Starfsmenn hjá alþjóðlegum endurskoðunarskrifstofum hér á landi eiga margir kost á því að fara til starfa hjá skrifstofum fyrirtækjanna í öðrum löndum í lengri eða skemmri tíma. Heimir Þorsteinsson, endurskoðandi hjá Deloitte & Touche, hélt til Kaupmannahafnar ásamt fjölskyldu sinni haustið 1999 og vann þar í tvö ár á skrifstofu fyrirtækisins.

„Við höfðum lengi verið spennt fyrir því að prófa að búa erlendis um tíma og ákváðum því að nýta okkur þetta tækifæri þegar það gafst,“ segir Heimir. Hann lauk prófi í viðskiptafræði frá HÍ vorið 1995 og fékk löggildingu sem endurskoðandi í mars 1999. Hann starfaði þá hjá Deloitte & Touche í Reykjavík og hélt utan um haustið ásamt eiginkonu og börnum. Fyrirtækið býður nokkurs konar skiptiprógramm fyrir þá starfsmenn sem vilja vinna erlendis um tíma og að sögn Heimis verður sífellt algengara að fólk nýti sér þennan kost. „Flestir fara til starfa á stærstu skrifstofunum, og hafa starfsmenn héðan t.d. unnið hjá Deloitte & Touche í New York, Boston

og Svíþjóð. Fólk sér þetta sem mjög spennandi möguleika.“

Heimir segir að fjölskyldan hafi velt fleiri stöðum fyrir sér en ákveðið að fara ekki of langt. „Kaupmannahöfn varð því fyrir valinu. Fjölskyldan var fljót að aðlagast og fyrirtækið tók vel á móti mér. Þetta var afar lærdómsríkur tími. Það var fróðlegt að kynnast starfi endurskoðenda í Danmörku og þó að það væri að sjálfsögðu ekki frábrugðið í eðli sínu þá voru vinnubrögðin að hluta til öðruvísi. Þetta var í raun mjög mikil lífsreynsla og ég tel að það komi mér til góða í mínu starfi hér að hafa gert þetta. Ég mæli tímæla-laust með þessu.“



Grant Thornton er eitt af leiðandi alþjóðlegum samtökum endurskoðunar og ráðgjafarfirmatækja sem veitir viðskiptavinum sínum **faglega og persónulega þjónustu ...**



...á sviði fjármála og viðskipta.

Það er keppikefli okkar að aðstoða viðskiptavini við að ná markmiðum sínum þannig að þeir hafi af þjónustunni sýnilegan ávinning.

Grant Thornton

www.grantthornton.is



❖ Spjallað við fjóra unga endurskoðendur sem nýverið hlutu löggildingu

❖ Skemmtilegt starf

Margrét Pétursdóttir starfar hjá Ernst & Young.

„Þetta er afskaplega skemmtilegt starf og það verður alltaf skemmtilegra og skemmtilegra,“ segir Margrét Pétursdóttir, löggiltur endurskoðandi hjá Ernst & Young, sem nýverið lauk löggildingarnámi. „Það er engin stöðnun í þessu starfi, maður lærir eitthvað nýtt á hverjum degi.“ Margrét var með níu ára gamalt barn þegar hún hóf nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands árið 1994 og eignaðist sitt annað barn ári síðar. „Ég hef aldrei farið beinu brautina,“ segir hún, „tók stúdentinn í öldungadeild og eignaðist svo barn í miðju háskólanámi.“



Margrét Pétursdóttir.

Margrét segir nýjan fjölskyldumeðlim ekki hafa sett strik í reikninginn hvað háskólanámið varðaði, nema að litlu leyti. „Ég hægði á mér í skólanum en aðeins lítillega. Ég átti barnið í ágúst en var mætt aftur í skólann í september og lauk viðskiptafræðinni á fjórum og hálfu ári í stað fjögurra, árið 1999. Þegar hér var komið sögu var ég orðin ein með mín tvö börn en við hjónin skildum fyrir sex árum. Ég viðurkenni alveg að þetta var stundum erfitt, svo ég mæli kannski ekki með því að konur geri þetta einmitt svona. En þetta hafðist allt á endanum.“

Margrét vann við endurskoðun með námi síðasta árið í Háskóla Íslands. „Ég hef unnið við endurskoðun í fullu starfi frá því að ég útskrifaðist frá HÍ og er afskaplega ánægð hjá Ernst & Young. Ég valdi nám í löggiltri endurskoðun af því að ég var viss um að starfið væri skemmtilegt, atvinnuöryggið mikið og launin góð. Ég hafði rétt fyrir mér og er ánægð með að hafa valið þessa braut.“



Jóhann G. Jóhannsson.

❖ Alþjóðlegt og spennandi

Jóhann G. Jóhannsson vinnur hjá Íslenskri erfðagreiningu.

„Ég er mjög ánægður hjá Íslenskri erfðagreiningu,“ segir Jóhann G. Jóhannsson sem hlaut löggildingu sem endurskoðandi í vor. „Ég byrjaði að vinna hjá fyrirtækinu í júní á síðasta ári, í fjármáladeild, þar sem ég fæst m.a. við innri endurskoðun. Ég vann áður hjá KPMG en fékk gott atvinnu-tilboð og langaði að breyta til. Íslensk erfðagreining er afar spennandi vinnustaður og það er sérstaklega gaman að vinna í svo alþjóðlegu umhverfi.“

Jóhann lauk viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1998, af endurskoðunarsviði. „Ég byrjaði árið 1997 að vinna með háskólanum hjá Ernst & Young sem þá hét en fyrirtækið sameinaðist KPMG árið 2000. Hjá KPMG var ég fram á mitt sumar 2002, þegar mér bauðst starf hjá Íslenskri erfðagreiningu. Ég hafði þá lokið tveimur prófum af fjórum sem þarf til að öðlast löggildingu sem endurskoðandi. Seinni hlutann kláraði ég sl. haust og hlaut síðan löggildinguna nú í vor.“

Aðspurður segir Jóhann tvær ástæður hafa legið að baki því að hann ákvað að leggja fyrir sig endurskoðun. „Ég vissi sem var að starfið er mjög áhugavert. En það sem réð kannski mestu um val mitt er hversu fjölbreytt störf er hægt að fá með þessa menntun.“

❖ Ætlaði í allt annað

Helga Sigríður Böðvarsdóttir starfar hjá KPMG.

„Ég ætlaði mér aldrei að gerast löggiltur endurskoðandi og var reyndar alveg ákveðin í að verða það ekki,“ segir Helga Sigríður Böðvarsdóttir en hún lauk löggildingarnáminu í mars sl. og starfar hjá KPMG. „Ég kláraði viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1993, af fjármálasviði. Margir af skólafélögum mínum útskrifuðust af endurskoðunarsviði en mér fannst það aldrei vera neitt fyrir mig. Þremur árum síðar bauðst mér svo vinna hjá KPMG á Egilsstöðum. Þar kynntist ég starfi endurskoðandans og upp-götvaði þá að þetta væri það sem ég vildi gera.“

Að loknu háskólanámi vann Helga Sigríður í tvö ár hjá Skattrannsóknarstjóra ríkisins og færði sig þá yfir á Ferðamiðstöð Austurlands, á skrifstofu þeirra í Reykjavík. „Mig langaði síðan að prófa eitthvað nýtt og sótti um starf hjá KPMG árið 1996. Það vantaði viðskiptafræðing til starfa hjá KPMG á Egilsstöðum og mér leist vel á það. Eftir nokkra umhugsun ákvað ég að slá til. Upphaflega ætlaði ég reyndar bara að vera einn vetur fyrir austan en svo leið mér svo vel á Egilsstöðum að ég endaði með að búa þar í fimm ár. Hjá KPMG byrjaði ég strax að vinna við endurskoðun og komst þá að því að starfið var skemmtilegt. Ég ákvað fljótlega að leggja endurskoðun fyrir mig og tók með vinnu nokkur viðbótarfög í Háskóla Íslands sem tilheyrja endurskoðunarsviði. Prófunum í HÍ lauk ég árið 2000 og löggildinguna hlaut ég svo nú í vor.“

Helga Sigríður fluttist aftur suður árið 2001, þegar henni bauðst starf hjá KPMG í Reykjavík. „Ég átti mjög góð ár fyrir austan. Starfið var skemmtilegt og afskaplega gott fólk sem ég vann með. Það er frábær reynsla fyrir borgarbarn að búa úti á landi og gaman að vinna á litlum vinnustað, þar sem maður fær að vasast í öllu. Ég gæti því vel hugsað mér að flytjast aftur út á land einhvern tímann seinna.“

Helga Sigríður Böðvarsdóttir.



Guðjón Ásmundsson.

❖ Fjölbreytnin kom mest á óvart

Guðjón Ásmundsson vinnur hjá KPMG.

„Það kom mér mest á óvart hversu fjölbreytt starf endurskoðandans er. Ég hugsa að margir geri sér ekki grein fyrir því. Verkefni eru margbreytileg og krefjandi,“ segir Guðjón Ásmundsson, endurskoðandi hjá KPMG Endurskoðun hf. Hann hefur starfað á endurskoðunarskrifstofu KPMG frá haustinu 1997, í fyrstu samhliða námi. Hann var einn af fjórum starfsmönnum fyrirtækisins sem fengu löggildinguna í mars síðastliðnum.

Guðjón segir að viðskiptafræðigreinar hafi átt vel við sig í framhaldsskóla og því hafi hann ákveðið að fara í viðskiptafræðinám í Háskóla Íslands að loknu stúdentsprófi. „Námið var í heildina skemmtilegt og á endanum stóð valið á milli fjármálasviðs og endurskoðunarsviðs, sem varð fyrir valinu vegna þess að þá bættist við sá möguleiki að starfa á endurskoðunarstofu. Að námi loknu voru því ýmsir kostir í boði.“

Hann segir að undirbúningur undir löggildingarprófin sé undir hverjum og einum kominn. „En við sem störfum hjá KPMG höfum fengið mikla aðstoð frá vinnuveitendum okkar, bæði í formi námskeiða og launaðra leyfa á undirbúningstímanum. Það hjálpaði okkur mikið.“

En hvernig gengur Guðjóni að sameina vinnu, fjölskyldulíf og áhugamála? „Það gengur ágætlega. Það eru ákveðnir álagstímar sem fylgja starfinu og þá kemst lítið annað að en vinnan. En yfirleitt gengur þetta nokkuð vel,“ segir Guðjón sem er kvæntur og á eitt barn. Hann var fyrirliði Grindavíkurlíðsins í knattspyrnu en lagði skóna á hilluna haustið 2000. Aðspurður segir Guðjón að sú ákvörðun hafi verið tekin að vel ígrunduðu máli og margir samverkandi þættir hafi legið þar að baki. „Það varð eitthvað að víkja og þar sem hvorki hafði heyrst frá forráðamönnum Liverpool né Arsenal voru skórnir lagðir á hilluna!“ segir hann hlæjandi.

Verðlaunagripur



Volkswagen Touareg hefur hlotið fádæma góðar viðtökur. Á þeim stutta tíma sem liðinn er síðan þessi lúxusjeppi var kynntur hefur hann hlotið **Gullna stýrið** hjá **Bild am Sonntag** og verið valinn **jeppi ársins** af lesendum **Off-Road** jeppablaðsins. Komdu, prófaðu og finndu hvers vegna Touareg er að slá í gegn.

Touareg



Er búinn að læra meira hér en ég hefði gert annars staðar

– segir Norðmaðurinn Rune K. Snæbjörnsson Lædre hjá PricewaterhouseCoopers

Norðmaðurinn Rune K. Snæbjörnsson Lædre, löggiltur endurskoðandi, valdi að koma til Íslands á vegum PricewaterhouseCoopers í ágúst árið 2001. Eftir að hafa lokið námi og fengið löggildingu sem endurskoðandi hafði hann áhuga á að starfa tímabundið utan Noregs. Hann ákvað því að nýta sér það fyrirkomulag PwC sem býður ungu fólki að afla sér aukinnar reynslu og þekkingar með því að starfa á einhverri skrifstofu fyrirtækisins utan heimalands síns.

Rune kom hingað til lands ásamt eiginkonu sinni og tveimur börnum. „Við veltum ýmsum stöðum fyrir okkur en völdum Ísland m.a. vegna fjölskyldutengsla og ég sá líka í hendi mér að ég myndi fá fjölbreyttari reynslu við að starfa í svona litlu samfélagi en á stórri deildaskiptri skrifstofu úti í heimi. Hér eru allar boðleiðir styttri og samskipti ekki eins formleg. Kynni mín og tengsl við starfsfólk PwC hér eru mér mikils virði og eiga vonandi eftir að eflast og þróast í framtíðinni og jafnvel leiða til meira samstarfs á milli PwC í Noregi og PwC á Íslandi. Ég hef fengið góða tilfinningu fyrir viðskiptaumhverfinu og ég er viss um að ég er búinn að læra meira hér en ég hefði gert annars staðar.“

Tungumálið var Rune svo til alveg framandi en hann kaus að skella sér strax í íslenskunámið og talar málið nú reiprennandi. „Ég ákvað að sleppa því að byrja að tala ensku í vinnunni, sem hefði verið mjög freistandi, og hella mér þess í stað í að læra íslenskuna frá grunni. Þetta var mjög erfitt í byrjun en það verður að segjast að félagarnir hjá PwC hafa verið mjög þolinmóðir við mig,“ segir Rune hlæjandi.

Rune útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Norges Handelshøyskole í Bergen vorið 1997 og lauk meistaranámi í endurskoðun frá sama skóla í október 1998. Hann hlaut löggildingu sem endurskoðandi árið 2000. „Í Noregi er námið byggt þannig upp að fyrst þarf að ljúka prófi í viðskiptafræði, þá tekur við 14 mánaða meistaranám í endurskoðun og til að hljóta löggildingu þarf viðkomandi að hafa unnið við fagið í tvö ár. Ég var alltaf ákveðinn í að gera endurskoðun að mínu ævistarfi og tók því námið allt í einni lotu,“ segir Rune.

Dvöl Rune hér á landi lýkur í sumar og heldur hann þá til Prándheims til starfa hjá PwC þar. „Ég tel að dvöl mín hér hafi gagnast mér mikið og ég vonast til að geta áfram unnið að einhverju leyti að verkefnum sem tengjast Íslandi. Tengsl Noregs og Íslands eru mikil og því mikill styrkur fyrir mig að hafa góða innsýn í viðskiptaumhverfi beggja landanna.“



Rune K. Snæbjörnsson Lædre.

Starf FLE

- ❖ **Félagið heldur m.a. mánaðarlega hádegisfundum** þar sem fyrirlesarar eru fengnir til að fjalla um áhugaverð málefni er varða störf endurskoðenda. Þá er félagið með sérstakan skattadag og endurskoðendadag. Haustráðstefnur FLE hafa um margra ára skeið verið haldnar í tengslum við aðalfund félagsins í nóvember.
- ❖ **Auk stjórnar félagsins** eru starfandi á vegum þess fjölmargar fagnefnd-

ir sem hafa það hlutverk að fylgjast með þróun á starfssviði endurskoðenda og stuðla að samræmingu í störfum þeirra. Þar má nefna menntunarnefnd, endurskoðunarnefnd, reikningsskilanefnd, skattanefnd, gæðanefnd, siðanefnd og orðanefnd. Ritnefnd hefur það hlutverk að gefa út FLE-fréttir og viðhalda heimasíðu félagsins.

- ❖ **FLE er aðili að Alþjóðasamtökum** endurskoðenda (IFAC) og Evrópu-samtökum endurskoðenda (FEE). Þá hefur félagið tekið þátt í starfi Norræna endurskoðunarsambandsins frá árinu 1939.

Guðlaugur Reynir Jóhannsson, Endurskoðun Guðlaugs:

Bridge og skokk

„Ég spila bridge með Bridgefélagi Reykjavíkur einu sinni í viku á vetur- og tek þátt í Íslands- og Reykjavíkurmótum með félagi mínum, Erni Arnþórssyni,“ segir Guðlaugur Reynir Jóhannsson. „Við Örn höfum spilað saman bridge í 33 ár og erum elsta „par“ á landinu og sennilega í heiminum! Hin síðari ár hef ég smitast af golfbakteríu og fer oft í golf á sumrin, bæði hér heima og erlendis. Ef veðrið er sérstaklega gott í miðri viku þá gef ég mér stundum frí í vinnunni og vinn í staðinn um helgar. Svo skokka ég þrisvar í viku; ég bý í Hafnarfirði og tek alltaf Álftaneshringinn sem er 5 km langur.“

Golferð til Skotlands

Aðspurður kveðst Guðlaugur vera búinn að skipuleggja sumarleyfið að mestu leyti. „Ég ætla í sex daga golferð til Skotlands í maí með tæplega 20 öðrum endurskoðendum. Svo fer ég í vikufærð til Austurríkis í júní með gönguklúbbi sem ég er í og ætlum við að klífa Alpafjöllin.“



Sigrún Ragna Ólafsdóttir, Deloitte & Touche:


Fjölskyldan og útivist

„Við hjónin eigum tvíbúrasyni, fimm ára gamla, og þeirra áhugamál eru okkar áhugamál,“ segir Sigrún Ragna Ólafsdóttir. „Þannig förum við mikið í sund, út að hjóla og í göngutúra en það eru frábærar hjóla- og gönguleiðir í Grafarvogi þar sem við búum. Eins reynum við að komast af og til í veiði og miðum þá við fjölskylduferðir, þar sem börnin eru höfð með. Svo eigum við yndislegt athvarf í Stykkishólmi og þangað förum við eins oft og við getum, sumar jafnt sem vetur.“



Í sólina á Mallorca

„Við ætlum í sólina í júní, förum til Mallorca í tvær vikur,“ segir Sigrún Ragna, aðspurð um sumarleyfið. „Það er orðinn fastur liður hjá okkur að fara til útlanda á sumrin í frí. Fyrir utan auðvitað að geta treyst á gott veður þá er svo mikil afslöppun í því að kúpla sig út úr öllu hér og fara út. Auk þess er svo mikil tilbreyting fyrir alla að skipta þannig um umhverfi, ekki síst fyrir börnin. Við munum svo örugglega nota sumarið vel, fara í tjaldútlestur og njóta helganna í Stykkishólmi.“



Lífið eftir vinnu

Áhugamál endurskoðenda eru jafn fjölbreytileg og þeir eru margir. Fjórmenningarnir sem rætt var við eiga það sameiginlegt að nýta frítíma sinn vel og hafa þegar ákveðið hvernig þeir ætla að verja sumarfríinu og njóta íslenska sumarsins til hins ýtrasta.



Emil Theodór Guðjónsson, PricewaterhouseCoopers:

Vélflug og golf

„Áhugamálin eru golf, vélflug og ferðalög,“ segir Emil Theodór Guðjónsson. „Við hjónin erum talsvert í golfi á sumrin hér innanlands og ef við förum í vetrarfrí til útlanda eru golfsettin alltaf höfð með í för. Þá á ég hlut í flugvél og flögra svölftið á sumrin. Við höfum undanfarin ár ferðast talsvert erlendis og höfum einnig gaman að ferðalögum innanlands. Á veturna er ég í karlklúbbi, sem hittist einu sinni í viku, og hef ég mjög gaman af þeim félagskap.“



Brúðkaup á Suður-Írlandi

Í sumar er ferðinni heitið til Cork á Suður-Írlandi, að sögn Emils. „Þar mun fjölskyldan fjölmenna í brúðkaup dóttur okkar. Síðan hyggjumst við ferðast um Írland og verða golfkylfurnar meðferðis. Við reiknum með að fljúga nokkra daga með lítið tjald og útileguræjur innanborðs. Við höfum gert þetta nokkrum sinnum og er mjög heillandi að vera ekki háður vegakerfinu eða sjólagi og tjalda nánast undir vængnum á vélinni. Um helgar í sumar verður farið í stuttar ferðir innanlands og teknir nokkrir hringir á hinum ýmsu golfvöllum.“



Margrét G. Flóvenz, KPMG:

Tónlist og matargerð

„Ég á stóra fjölskyldu, mann og fjögur börn á aldrinum 6–23 ára, svo utan vinnu skipar fjölskyldan stærsta sessinn,“ segir Margrét G. Flóvenz. „Ég er mikil áhugakona um tónlist og þá sérstaklega söng og fer í óperuna og á tónleika þegar færi gefst. Þá hef ég mikinn áhuga á mat og matargerð og er matreiðslubókakíll! Nú síðari árin er garðurinn minn farinn að draga mig mikið út og um leið og fer að vora er ég með hann í huga meira og minna. Ég fer í leikhús þegar tími gefst til sem er allt of sjaldan. Sama má segja um bækurnar en ég næ helst að lesa um jólin og í sumarfríinu. Ég sanki þó iðulega að mér bókum sem ég ætla að lesa seinna.“



Evrópuferð um páskana

„Ég hef gert lítið af því að fara í langar reisir til útlanda í sumarfríinu, tími ekki að missa af björtu sumarnóttunum hér heima. Þetta árið fór þó öll fjölskyldan í frábæra ferð til Evrópu um páskana og þvældist allt frá Kaupmannahöfn til Parma á Ítalíu; Tívoli í Kaupmannahöfn, Óperan í Berlín, maturinn í Toscana – eitthvað fyrir alla. Sumarið verður væntanlega með hefðbundnum hætti, þvælst eitthvað um landið, unnið í garðinum, vinirnir heimsottir, farið í gönguferðir, eldað og grillað og lesið ef veðrið verður vont.“



Góð yfirsýn er nauðsynleg

SÉR BANKA Þ J Ó N U S T A

Góður undirbúningur er mikilvægur áður en þú ákveður næsta leik. Með Sérbankaþjónustu Búnaðarbankans öðlast þú yfirsýn yfir fjármálin og nýtur reynslu og þekkingar sérfræðinga við eignastýringu sem sérsniðin er að þínum þörfum.

Sérbankaþjónusta Búnaðarbankans er ætluð efnameiri einstaklingum sem sækjast eftir fjármálaþjónustu og skattaráðgjöf í hæsta gæðaflokki. Viðskiptavinir Sérbankaþjónustu fá meiri þjónustu og njóta betri kjara í banka- og verðbréfa- viðskiptum. Lögð er áhersla á persónulega og vandaða fjármálaráðgjöf, trúnað og traust. Undirbúðu næsta leik með Sérbankaþjónustu Búnaðarbankans.

Sérbankaþjónusta – það besta sem við höfum að bjóða.

Búnaðarbankinn Verðbréf | Hafnarstræti 5 | 155 Reykjavík
Sími 525 6060 | Fax 525 6099 | verdbref@bi.is



SAMAN NÁUM VIÐ ÁRANGRI



Ax hugbúnaðarhús hf.

- Skeifunni 8 - 108 Reykjavík - s. 545 1000
- www.ax.is

Skemmtilegt og hagnýtt starf

„Ég var alltaf ákveðin í að leggja fyrir mig endurskoðun,“ segir Vigdís Sigurðardóttir, handboltakona og endurskoðunarnemi hjá Deloitte & Touche í Vestmannaeyjum. „Ég útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands sumarið 1999, af endurskoðunarviði. Mér bauðst strax vinna hjá Deloitte & Touche í Vestmannaeyjum og hef verið þar síðan. Þetta er mjög hagnýtt og skemmtilegt starf og ég get ekki hugsað mér að vinna við neitt annað í framtíðinni. Ég er afskaplega ánægð hjá D&T, þetta er mjög gott fyrirtæki og starfsfólkið frábært. Sveigjanlegur vinnutími hefur gert mér kleift að stunda áfram handboltann og ég hef mætt miklum skilningi þegar ég hef þurft að taka mér frí frá vinnunni til að keppa.“

Vigdís er Vestmannaeyingur í húð og hár. Hún fæddist reyndar í Reykjavík, gosárið 1973, en fjölskyldan fluttist aftur út í Eyjar fljótlega eftir gos. Og þar hefur Vigdís búið allar götur síðan, með hléum. Hún er nú búsett í Vestmannaeyjum með eiginmanni sínum, Erlingi Birgi Richardsyni, og dóttur þeirra, Söndru, sem er á fimmta ári. „Ég fór sem skiptinemi til Nýja-Sjálands 1990 og var þar í eitt ár og bjó í Reykjavík á meðan ég var í háskólanum. En ég hef alltaf kunnað best við mig í Vestmannaeyjum og því fluttist ég aftur heim til Eyja sumarið 1999, strax eftir að ég útskrifaðist frá HÍ.“

Býður upp á mikla möguleika

Vigdís kveðst fyrst hafa kynnst fyrirtækinu Deloitte & Touche á námsárum sínum í Háskóla Íslands. „Á þriðja ári í viðskiptafræðinni fór ég að vinna með skólanum að verkefnum fyrir D&T í Reykjavík en gerði hlé á því þegar ég eignaðist dóttur mína, sumarið 1998. Þegar mér bauðst svo að komast að sem endurskoðunarnemi hjá D&T í Vestmannaeyjum þurfti ég ekki að hugsa mig um tvisvar. D&T í Eyjum er ákaflega gott fyrirtæki og þar vinnur frábært fólk.“ Vigdís leikur með meistaraflokki ÍBV í handbolta og segir hvorki námið við HÍ né starfið hjá Deloitte & Touche hafa sett strik í reikninginn. „Stjórnendur D&T hafa frá upphafi haft mikinn skilning á handboltaáhuga mínum. Því hef ég getað hagrætt mínum vinnutíma til samræmis við handboltann og unnið af mér, t.d. fyrir mót.“

Hún segir að engu að síður sé nú farið að stytta í að hún leggi íþróttaskóna á hilluna. „Boltinn tekur mikinn tíma frá manni. Auðvitað getur þetta farið vel saman, vinna og keppnisíþróttir, og mér hefur gengið mjög vel að skipuleggja mig og láta hlutina ganga upp. En ég er búin að vera svo lengi í boltanum að nú er ég til í að fara að einbeita mér að öðru, þ.e. náminu, vinnunni og fjölskyldunni. Ég undirbý mig nú fyrir fyrstu tvö prófin af fjórum sem þarf til að öðlast löggildingu. Prófin ætla ég að taka í haust og síðari hlutann tek ég svo ári síðar, haustið 2004.“

Aðspurð segist Vigdís vera mjög ánægð með að hafa valið sér endurskoðunarnámið. „Ég gæti ekki hugsað mér að vinna við eitthvað annað og



Vigdís Sigurðardóttir.

er alveg ákveðin í að vera áfram hjá D&T í Eyjum að loknu náminu, ef mér býðst það. Endurskoðunarnámið er mjög praktískt og það býður upp á ýmsa möguleika. Þannig veit ég að ef mig langar að breyta til, einhvern tímann seinna, þá eru mér

allir vegir færir. Námið býður upp á mjög góðan grunn og endurskoðunarstarfið veitir mikla og góða reynslu sem nýtist við mörg önnur störf. Það er því ekkert skrytið að löggiltir endurskoðendur séu eftirsóttir starfskraftar.“



Endurskoðun
Reikningsskil
Skattskil

Hvort sem það er á sviði reikningsskila, endurskoðunar eða skattamála, þá aðstoðum við þig til þess að ná markmiðum þínum.

Aðild okkar að Ernst & Young International veitir okkur aðgang að nýjustu tækni, upplýsingum og tækjum, og gerir okkur kleift að veita þér fyrsta flokks þjónustu bæði hér heima og erlendis.*

Leitaðu upplýsinga. Hafðu samband í síma 595 2500 og við tökum vel á móti þér.

Síðhærðir við samlagningu

Stefán D. Franklín hugsar upphátt um starf endurskoðunarnemans á áttunda og níunda áratugnum.

Árið er 1975 og í Ríkisútvarpinu hljómar lag í óskalögum sjómanna með hulduhljómsveitinni Stuðmönnum sem slegið hefur í gegn með plötu sinni Sumar á Sýrlandi. Þetta er vinsæll þáttur hjá okkur af yngri kynslóðinni og betri en óskalög sjúklinga, þar sem vinsælasta lagið er Ömmubæn með Hauki Morthens. Það er þægilegt að hlusta á tónlist þegar fluttar eru mánaðarlegar eða ársfjórðungslegar tölur og samtölur úr handskrifuðum dagbókum og höfuðbókum.

Síðhærðir endurskoðunarnemar eru látnir sjá um samlagningu á dálkum í dagbók eða höfuðbók og ýmsa handavinnu við flutning talna úr einni bók í aðra. Sundurliðun á ýmsum kostnaði, sundurliðun úr dagbók í viðskiptamannabók eða erlenda lánardrottnabók. Samlagning er stórmál og góður eiginleiki endurskoðunarnema er að vera fljótur að leggja saman í huganum því að ekki eru allir komnir með nýjustu byltinguna, ADDO-X. Stórar rafdrifnar samlagningarvélar og þær nýjustu með margföldunartakka. Skrifborðið leikur á reiðiskjálfi þegar margföldun á stórum tölum fer fram en hvílíkt undratæki. Vindlar eða filterslausar Camelsigarettur brenna hægt í öskubakkanum og þar sem yfirleitt eru tveir til fjórir í hverju herbergi verður reykurinn nokkuð þéttur. En þetta tilheyrir og vindlareykingar

eru nánast skylda. Kaffibollinn er stór krús og að sjálfsögðu alltaf til staðar því það er oft nauðsynlegt að halda sér lengi vakandi með kaffinu þar sem vinnutíminn er 12–16 tímar á dag á vertíðinni.

Frést hefur hjá nemunum uppi í viðskiptadeild að komnar séu á markað litlar batterísvasareiknivélar sem hafa ekki aðeins margföldunartakka heldur líka prósentu, deilingu og þær fullkomnustu logaritma. Einhverjir hafa jafnvel látið kaupa svona dýrgrípi fyrir sig í útlöndum og koma með þá í skólann. Lokun bóka eða undirstrikun í dagbók og höfuðbók er sumar- og haustvinna nema á endurskoðunarskrifstofunum. Langan tíma getur tekið að loka höfuðbók stórra fyrirtækja, t.d. viku hjá Mjólkurbúi Flóamanna, og væri erfitt að rukka fyrir slíka vinnu í dag.

Ritvélar eru á þessum tíma stórir IBM-hlunkar með stóra valsa sem geta tekið rekstrar- og efnahagsreikninga á heila opnu. Véritað er með kalkipappír í 6–8 eintökum og mikið mál er að leiðrétta villur með vérlitunarstrokeðrinu á 7 afritum. Ljósritunarvélar eru ekki enn komnar á stofurnar. Slík tæki eru mikil fjárfesting og aðeins á færi stærstu endurskoðunarstofanna. Allt er að sjálfsögðu skrifað með penna því óheimilt er að færa bókhald með blýanti, til að koma í veg fyrir misferli í bókhaldi.

Í guða tölu hjá eldra fólki

Konur eru ekki í stétt endurskoðenda á þessum tíma en í október 1975 halda þær mikinn baráttufund á Lækjartorgi þar sem krafist er fulls jafnréttis á við karla. Innan fárra ára eru konur farnar að gera fullt tilkall til vinnu á samlagningarvélar endurskoðenda. Endurskoðendur njóta mikillar virðingar í samfélaginu og eru hjá mörgum, einkum eldra fólki, teknir í guða tölu eins og læknar og aðrir embættismenn.

Breytingin á næstu árum á eftir að verða byltingarkennd. Notkun á handfærðu bókhaldi minnkar ár frá ári og við tekur spjaldabókhald. Stóru fyrirtækin fara á undan í þeirri þróun. Þarna er á ferðinni jafnmikil bylting og þegar tölvurnar tóku síðan við af spjaldabókhaldsvélunum á árunum 1980–85.

Með spjöldunum minnkaði samlagningarvinnan og tilfærsla talna sem einkennt hafði vinnubrögðin áður. Nú var hægt að taka tölurnar beint af spjöldunum í uppgjörum og færa þær inn á svokölluð balance-blöð sem pöntuð voru beint frá kóngsins Kaupmannahöfn. Þetta voru dálkaskipt blöð þar sem niðurstöður bókhalds voru færðar í fyrsta dálk, debet og kredit, millifærslur fóru í næsta dálk og síðan var dregið út í rekstrar- og efnahagsreikning. Þar með var uppgjörið tilbúið, tölurnar úr rekstrardálki fluttar í rekstrarreikning sem var á tveimur síðum í opnu, gjöldin á annarri síðunni og tekjurnar á hinni. Sama var gert með efnahagsreikning. Skýringar voru yfirleitt ekki hluti almennra ársreikninga fyrr en með tillögum reikningsskilanefndar árið 1980 en þær reglur hafa ráðið miklu um framsetningu ársreikninga fram til þessa dags.



Stefán D. Franklín, löggiltur endurskoðandi.



Gagnlegar upplýsingar á vefnum

Á vef FLE, www.fle.is, er að finna fróðleik af ýmsu tagi sem kemur löggiltum endurskoðendum að góðu gagni. Þar er að finna upplýsingar bæði um samþykktir og samskipta-reglur FLE, birt er félagaskrá FLE og listi yfir allar endurskoðunarskrifstofur á landinu. Þá er skýrt frá því sem fram undan er hjá félaginu; mánaðarlegum hádegisverðarfundum FLE, fræðslufundum, námskeiðum og ráðstefnum.

Vefurinn veitir aðgang að Íðorðaskrá FLE sem inniheldur þýðingar á erlendum orðum á sviði endurskoðunar og reikningshalds. Á vef FLE er jafnframt að finna tengingu inn á lagasafn Alþingis, auk þess sem þar hefur verið komið fyrir beinni tengingu inn á ýmis lög sem ætla má að endurskoðendur þurfi að hafa aðgang að og varða störf þeirra. Einnig er þar að finna tengingu inn á reglugerðarsafn Ríkisskattstjóra auk tengingar inn á vef fjármálaráðuneytisins.

Vissir þú að...

...flestir starfandi endurskoðendur eru félagar í Félagi löggiltra endurskoðenda, FLE? Tilgangur félagsins er m.a. að viðhalda og auka faglega þekkingu félagsmanna, vera í forsvari fyrir félagsmenn á opinberum vettvangi og vinna að því að almennt aðhald sé með störfum endurskoðenda.

...til að halda löggildingu sinni er endurskoðendum skylt að viðhalda og bæta við þekkingu sína, m.a. með því að sækja ákveðinn fjölda námskeiða ár hvert sem er einsdæmi meðal sérfræðistétta hérlendis? FLE hefur eftirlit með því að starfandi endurskoðendur sinni þessari lögboðnu skyldu sinni.



Félag löggiltra endurskoðenda

Skrifstofa Félags löggiltra endurskoðenda, FLE
Suðurlandsbraut 6, Reykjavík, er opin mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9–12.30.
Sími: 568 8118, fax: 568 8139, netfang: fle@fle.is, veffang: www.fle.is.
Ath: Í júlí er lokað vegna sumarleyfa.

Annáll ehf.

Ármúla 6, 108 Reykjavík - Sími: 581 2800

Endurskoðendabjónustan

Skipholt 50d, 105 Reykjavík - Sími: 580 6800

Aðalendurskoðun sf.

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi - Sími: 575 7200

Endurskoðunarskrifstofa Eyjólf Guðmundssonar

Laugavegi 178, 105 Reykjavík - Sími: 551 0930

ABC ehf. endurskoðun

Borgartúni 22, 105 Reykjavík - Sími: 552 1395

Endurskoðunarskrifstofa Jóns Þórs Hallssonar

Smiðjuvöllum 7, 300 Akranesi - Sími: 430 2400

BJ endurskoðunarstofa ehf.

Sunnubraut 27, 200 Kópavogi - Sími: 544 4427

Endurskoðunarskrifstofa Ingólfs Flygenring

Fagrahvammi 10, 220 Hafnarfirði - S: 555 2121

Bókun sf.

Hamraborg 1, 200 Kópavogi - Sími: 554 4188

Löggiltir endurskoðendur Vestfjörðum ehf.

Aðalstræti 24, 400 Ísafirði - Sími: 456 4066

Endurskoðun og reikningshald ehf.

Bíldshöfða 12, 110 Reykjavík - Sími: 587 9550

Uppgjör hf.

Skeifunni 9, 108 Reykjavík - Sími: 567 2575

Endurskoðun Gunnars Hjaltalín

Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfirði
Sími: 565 1144

Endurskoðunarskrifstofan Þrep ehf.

Skipholt 50b, 105 Reykjavík - Sími: 575 0800



Endurskoðunarskrifstofa Sigurðar Guðmundssonar

Lágmúla 5, 108 Reykjavík - Sími: 568 3820

PRICEWATERHOUSECOOPERS 

Deloitte & Touche

Endurskoðun & ráðgjöf ehf.

Öflugar lausnir

ÖFLUGT FYRIRTÆKI

Microsoft Business Solutions–Navision Microsoft Business Solutions–Axapta

CPA Software News gefur **Microsoft Business Solutions–Navision** og **Microsoft Business Solutions–Axapta** fimm stjörnur í einkunn fyrir sérhæfðar bókahaldsaðgerðir.

Axapta

„Fyrirmynd hugbúnaðar í fremstu röð, hentar meðal annars fyrirtækjum sem starfa á mörgum stöðum eða í mörgum löndum. Þessi samstæða er með það nýjasta í gagnagrunns- og tengiaðgerðum og býður glæsilegt úrval samþættra kerfiseininga.“

CPA Software News ★★★★★

Navision

„Nær yfir afar vítt svið, ræður yfir mörgum öflugum aðgerðum, en er samt með notendaviðmót sem gerir allt ósköp einfalt. Kemur sterklega til greina fyrir öll meðalstór fyrirtæki í leit að traustum bókhaldspakka.“

CPA Software News ★★★★★

Á ÍSLANDI ERU 8 SÖLU- OG ÞJÓNUSTUADILAR MICROSOFT BUSINESS SOLUTIONS:



ANNATA



maritech